

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga.

#### 1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga.

#### 2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er lögheimili formanns.

#### 3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur eftirtalinna jarða og afréttarlands: Hofs, Fjalls og afréttar Skagabyggðar að þeim hluta sem tilheyrir upprekstrarfélagi Skagamanna. Auk framantalinna jarða eiga eftirtaldar jarðir veiðirétt í vatninu samkvæmt 7. gr. laga nr. 61/2006 með vísan til jarðalaga nr. 65/1976: Brandaskarð, Efri-Harrastaðir, Neðri-Harrastaðir, Bakki, Kelduland, Álfhóll, Steinnýjarstaðir, Skeggjastaðir, Hvammkot, Örlygsstaðir, Örlygsstaðir II, Hlíð, Kurfur, Hróarsstaðir, Krókur, Hólmi, Krókssel, Syðri-Björg, Ytri-Björg, Sviðningur, Kálfshamar, Saurar, Ós, Tjörn, Hafnir, Víkur, Mánavík og Ásbúðir. Félagið ráðstafar veiði á félagssvæðinu með þeim skilyrðum sem samþykkt eru á félagsfundum. Gildir veiðirétturinn fyrir allt Langavatn og Fjallabaksá fram um Lambatungur.

#### 4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnð á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna þar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi fiskistofna á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður sem kosinn skal í formannskjöri og tveir stjórnarmenn aðrir. Skal stjórn kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan kosningu til stjórnar nema sérstök forföll hamli eða hann hefur setið í stjórn undanfarin þrjú ár.

Kjósa skal einn varamann til þriggja ára.

Kjósa skal tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir út sitt árið hvor. Kjósa skal einn skoðunarmann til vara þriðja hvert ár.

Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er um í þriðju grein þessarar samþykktar.

Stjórnarmenn ganga úr stjórn félagsins á vixl þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar stjórnarmaður eftir tvö ár og hinn þriðji eftir þrjú ár.

Stjórn ráðstafar verkaskiptingu annarra stjórnarstarfa en þeim sem fylgja formannsstarfi.

#### 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Stjórn ræður starfsfólk til að annast störf í þágu félagsins og semur við það um þóknun og önnur starfskjör. Formaður er fulltrúi félagsins og talsmaður og hefur yfirumsjón með öllum störfum á þess vegum og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal greint frá því hvaða veiðitæki er heimilt að nota, hver gildistími leyfisins er og með hvaða kjörum það var veitt.

#### 7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmæla-réttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

#### 8. gr.

Aðalfund skal boða með minnst viku fyrirvara með símtölum eða á annan þann hátt sem tíðkast um boðun funda í héraðinu. Dagskrá aðalfundar skal fylgja fundarboði. Boða skal til aukafunda með sama hætti og aðalfundar.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni, sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundargerð.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

#### 9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

#### 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, arðskrá og fundargerðir.

#### 11. gr.

Landeigendur greiða kostnað vegna félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð samkvæmt arðskrá.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Landbúnaðarstofnun, 1. nóvember 2007.*

**Viktor S. Pálsson**, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2007